



AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS HORNAFJÖRÐUR 2012- 2030

Hvalvörðugilslækur í Öræfum – nýtt verslunar- og þjónustusvæði

19.04.2024

Br. 02.10.2024



SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var sampykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann _____

EINR. SVEINBJÖRNSSON.



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 21. október 2024

Gundur Lára Úvomóld



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 18.09.2023 með athugasemdafresti til: 02.10.2023.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

103850-GRG-001-V05

HÖFUNDUR

BRE

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
2.1	Afmörkun skipulagssvæðisins og staðhættir	5
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
3.2	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030	7
3.3	Ferðaþjónusta	8
3.4	Deiliskipulag	8
3.5	Náttúruvá	9
3.6	Fornminjar	9
4	BREYTING AÐALSKIPULAGS	10
4.1	Breyting á uppdrætti	10
4.2	Breyting á greinargerð	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið	11
5.2	Valkostir	12
5.3	Mat á umhverfisáhrifum	12
5.4	Niðurstaða umhverfismats	13
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	14
6.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	14
6.2	Skipulagsferli	14
6.3	Breytingar á vinnslutíma	14
6.4	Breyting eftir auglýsingu	14

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 36. skipulagsлага nr. 123/2010 þar sem fyrirhugað er að stofna nýtt 5 ha verslunar- og þjónustusvæði í landi Hofs (L160170) í Öræfasveit þar sem nú er skilgreint landbúnaðarsvæði. Heimiluð verður uppbygging á móttöku- og þjónustustöð fyrir ferðamenn þar sem haldið er út dagsferðum á áhugaverð svæði. Ekki verður heimiluð gisting innan svæðisins.

Samhliða breytingu aðalskipulags er unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsupprörætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppröráttur í m.kv. 1:100.000.
- Greinargerð þessi ásamt umhverfismatsskýrslu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Ferðaþjónusta er orðin ein af undirstöðum atvinnulífs í sveitarfélagini. Ferðamönnum fjölgar hratt en helsta aðráttarafl svæðisins felst í einstöku landslagi og náttúrufari. Sveitarfélagið hefur sett sér þá stefnu að auka þátt ferðaþjónustu í atvinnulífi og menningu svæðisins og leggur áherslu á að sameina krafta og brúa bil á milli landeiganda, fyrirtækja og einstaklinga sem vinna að eflingu ferðaþjónustunnar. Samhliða auknum ferðamannastraumi hefur umfang verslunar- og þjónustu aukist og mikil eftirspurn er eftir fjölbreyttri þjónustu við ferðamenn. Hagstofa Íslands heldur utan um komu ferðamanna eftir sveitarfélögum með fjölda gistenátta og hefur þeim fjölgað hratt og aftur náð upp vexti eftir tímabundin samdrátt á covid-árunum¹.

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að auka uppbyggingu á ferðaþjónustu í Öræfum. Verið er að bjóða ferðamönnum upp á stoppistöð (e. *meeting point*) þar sem safnast er saman í sérferðir t.d. inn á jökul eða aðrar áhugaverðar ferðir. Boðið verður upp á veitingasölu og geta ferðamenn skilið bíla/farangur eftir yfir daginn og gengið eða tekið aðra farmöguleika, s.s rútur að áhugaverðum viðkomustöðum í fylgd með reyndum leiðsögumönnum. Ferðamönnum gefst tækifæri til að njóta náttúrunnar sem svæðið hefur upp á að bjóða og skapast tækifæri til að lengja viðkomutíma ferðamanna í sveitarfélagini. Samhliða uppbyggingu styrkist tekjugrundvöllur íbúa og atvinnumöguleikar í Öræfum. Áætlað er að stærsti hluti starfsfólks hafi fasta búsetu í nágrenninu, m.a. er áætluð uppbygging í Borgartúni við Hof fyrir starfsfólk.

¹ Hagstofa Íslands, <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/ferdathjonusta/gistinaetur-i-desember-2023/>



Mynd 1 Yfirlitsmynd. Skipulagssvæðið er innan rauða hringsins.


2.1 Afmörkun skipulagssvæðisins og staðhættir

Skipulagssvæðið er um 5 ha að stærð og liggur vestan við Hvalvörðugilslæk skammt vestan brúar yfir lækinn. Öræfajökull gnæfir yfir svæðið og er talsvert um brattar fjallshlíðar norðan við svæðið og skörp skil eru milli fjall- og flatlendis en víðfeðmri sandar og skriðukeilur taka við af bröttum fjallshlíðum. Flatlendið einkennist af upprónum áreyrum og aurkeilu sem framburður lækjárins hefur mótað. Svæðið er ólíklegt til að henta til þaulræktunar, s.s. akuryrkju.

Þar sem svæðið er staðsett á aurkeilu skammt frá rótum brattra fjalla eru ummerki um skriðufjöll og ekki hægt að útiloka ofanflóðshættu. Auk ofanflóða eru líkur á eldgosum og jökulhlaupum talsverðar. Unnið hefur verið ofanflóðmat fyrir svæðið og skoðað verður hvort þörf sé á hættumati í samráði við Veðurstofu Íslands. Í gildi er rýmingaráætlun fyrir nágrenni Öræfajökuls².

Svæðið tilheyrir vatnshlotinu Öræfi – 103-58-G og er 103-1059-R Langhólmslækur/Grændýralækur og smálækir innan svæðisins.

² Almannavarnir – Ríkislögreglustjóri, “Neyðarrýming – Öræfajökull”, Almannavarnir – Ríkislögreglustjóri, Reykjavík, 2017.



MYND 2 Horft yfirsvæðið frá Suðurlandsvegi. Mynd: Ja.is

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til verndar og ráðstöfunar lands á hálandi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbæra nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeiri framtíðarsýn í skipulagsmálum „*að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.*“

Loftslagsaðlögun, kolefnishlutleysi og binding gróðurhúslofttegunda eru undirstaða stefnunnar. Stuðla þarf með markvissum hætti að samdrætti í losun gróðurhúslofttegunda frá landnotkun samhliða því að stuðla að seiglu samfélagsins gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga. Í stefnunni eru sett fram eftirfarandi markmið:

Markmið um vernd umhverfis og náttúru stuðlar að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.


Markmið um velsæld samfélagsins stuðlar að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi.

Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og eflí atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi.

3.2 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Breyting verður gerð á aðalskipulaginu og sett inn um 5 ha verslunar- og þjónustusvæði sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Á svæðinu verður heimilað að hafa móttöku- og þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn. Heildarbyggingarmagn er áætlað allt að 2.000 m².

Flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram í sveitarféluginu en svæðið er rýrt og grýtt og nýtist því illa til ræktunar.



MYND 3. Gildandi aðalskipulag Hornafjarðar. Svæðið sem breytingum tekur er innan rauða hringsins.

Um svæði fyrir verslun og þjónustu segir í gildandi aðalskipulagi:

Stefna sveitarfélagsins er að auka þátt ferðaþjónustu í atvinnulífi og menningu í sveitarféluginu og að aðalskipulagið stuðli að því. Helsta aðráttarafl svæðisins felst m.a. í einstöku landslagi og náttúrfarari. Skipuleggja þarf aðgerðir og mannvirki vegna ferðaþjónustu, tryggja nauðsynlega verndun aðráttaraflsins – náttúru, menningu og menningarlandslag – og uppbyggingu til að standast álag og stjórna framvindu. Ferðaþjónustufyrirtæki eru hvött til að miðla til gesta umhverfisáherslum sveitarfélagsins, upplýsingum um flokkun sorps og umgengi um náttúru landsins.

Um landbúnaðarland segir í gildandi aðalskipulagi:

Stefnt er að aukinni ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar og að hún verði eftir atvikum sambætt landbúnaði á lögbýlum.

Sveitarfélagið stefnir að því að auka ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar og að uppbygging verði í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfelli með byggð sem þegar stendur og sé víkjandi í landslagi. Uppbygging skal falla að byggðarmynstri og að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðahalds. Hún skal taka tillit til landgæða og spilla ekki mikilvægu ræktunarlandi og viðeigandi ráðstafanir verði fyrir hendi vegna vatnsöflunar og fráveitu.

Breyting á aðalskipulagi verður í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.

3.3 Ferðaþjónusta

Fyrirhugaðar framkvæmdir er taldar falla vel að stefnu sem sett er fram í Áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021. Þar segir:

„Ferðaþjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðaþjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf og fræðslu“.

Uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélagini. „*Til að ná þessu markmiði þarf meðal annars að miða uppbyggingu svæða bæði að íbúum og ferðamönnum í sátt við umhverfi og samfélag þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma*“.

3.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Nýtt deiliskipulag mun taka til verslunar- og þjónustusvæðis á um 5 ha lóð sem skipt verður út úr landi Hofs.

Í deiliskipuginu verður gert ráð fyrir allt að 800 m² byggingu á einni hæð, einhalla þak, allt að 6m hæð byggingar. Í byggingu verður móttöku- og þjónustuaðstaða fyrir ferðamenn ásamt veitingaþjónustu sem mun þjónusta gesti staðarins. Einnig verður gert ráð fyrir skemmu vegna tækja og búnaðar. Heildarbyggingarmagn verður allt að 2000 m².

Bílastæði mun gera ráð fyrir allt að 5 rútustæðum og allt að 70 stæði fyrir aðrar bifreiðar og gert verður ráð fyrir hleðslustöðvum.

Svæðið verður tengt raforkudreifikerfi RARIK. Vatn verður fengið úr samveitu á svæðinu. Fráveita verður lögð í hreinsivirkni en yfirborðsvatn veitt aftur út í jarðveg.

3.5 Náttúrvá

Svæði í Öræfum eru undir náttúrvá vegna flóða af völdum eldsumbrota í Öræfajökli og Vatnajökli. Í nágrenni Hvalvörðugils hefur verð unnið að forgreiningu hættumats vegna jökulhlaupa í Öræfum sem geta orðið vegna eldgosa undir jökli og hættumat fyrir Svínafellsjökul en þar er talin hætta á framhlaupi vegna sprungnu upp á heiðinni. Einnig hefur verið gerð rýmingaráætlun fyrir nágrenni Öræfajökuls ef skyldi koma til eldgoss þar³.

Minnisblað vegna hættu á ofanflóðum hefur verið unnið fyrir svæðið. Helstu niðurstöður þess eru að þar sem skipulagssvæðið er staðsett á aurkeilu skammt frá rótum brattra fjalla eru ummerki um skriðufjöll og ekki hægt að útiloka ofanflóðshættu. Þótt engar heimildir séu um skriður á svæðinu er svæðið úrkomusamt og fjöll brött. Skipulagssvæðið sjálft er þó 200-400m frá fjallsrótum. Auk ofanflóða eru líkur á eldgosum og jökulhlaupum talsverðar. Á svæðinu er varnargarður til að stýra Hvalvörðugilslæk í farveg. Ekki er gert ráð fyrir gistingu á skipulagssvæðinu en gert ráð fyrir að rýmingaráætlun sveitarfélags virki innan þjónustusvæði líkt og helstu ferðaleiðum komi til eldgosa og jökulflóða af þeirra völdum. Þá kann að þurfa loka svæðinu, tímabundið komi til að mikilla rigninga eða snjósöfnunar sem skapað geta hættu af ofanflóðum en þjónustusvæðið er í um 1 km fjarlægð frá fjallinu. Ef þörf reynist á að framkvæma hættumat fyrir svæðið og/eða bæta ofanflóða- og flóðavarnir verður það gert í samráði við Veðurstofu Íslands, Vegagerðina og Sveitarfélagið.

3.6 Fornminjar

Ekki er búið að fornleifaskrá svæðið en engar þekktar fornleifar eru á svæðinu en skv. 16. gr. í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi. Leitað verður eftir álti Minjastofnunar til að kanna hvort þörf sé á nánari fornleifaskráningu á skipulagssvæðinu.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

³ Almannavarnir – Ríkislögreglustjóri, “Neyðarrýming – Öræfajökull”, Almannavarnir – Ríkislögreglustjóri, Reykjavík, 2017.

4 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Gerð er breyting á uppdrætti og greinagerð aðalskipulags. Bætt er við nýju 5 ha verslunar- og þjónustusvæði. Áætlað er að byggja móttöku- og þjónustuaðstöðu fyrir ferðamenn, heildarbyggingarmagn lóðar er allt að samtals allt að 2000m². Gangi öll áform eftir verður farið fram á stækkun bygginga, í allt að 3000m² við heildarendurskoðun aðalskipulags, sem nú er í vinnslu. Ekki verða heimilaðar byggingar til gistingar gesta eða starfsfólk innan þjónustusvæðis.

4.1 Breyting á uppdrætti

Sett er inn nýtt verslunar- og þjónustusvæði (Vþ49) á aðalskipulagsuppdrátt.

4.2 Breyting á greinagerð

Breyting er gerð í greinagerð og bætt er við nýrri línu í töflu 16.2 Verslun og þjónusta í Nesjahverfi og sveitum.

TAFLA 1. Ný lína í töflu 16.2 Verslun og þjónusta í Nesjahverfi og sveitum.

Vþ-NR	STADUR, STARFSEMI OG UMFANG
Vþ49	Hvalvörðugilslækur – Ferðaþjónusta. Heimilt er að reisa allt að 800 m ² byggingu á einni hæð með móttöku- og þjónusturými fyrir ferðamenn ásamt veitingasölu. Heimilt er að byggja allt að 1200 m ² skemmu m.a. fyrir geymslu á búnaði og tækjum í tengslum við ferðaþjónustu. Vanda skal til uppbyggingar og leitast við að mannvirkni falli sem best að umhverfinu. Ekki er heimiluð gisting á svæðinu.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, eftir því sem við á, skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnu.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Uppbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlegum neikvæðum áhrifum með breytingu á stefnu eða móturn á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja í fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

5.1 Umhverfisþættir, matssprungar og viðmið

Umhverfisþáttur er tiltekinn þáttur, s.s gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau séu talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnavalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkenum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirliggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreinda umhverfisþátta og leitast við að svara matssprungum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

TAFLA 2. Umhverfisþættir, viðmið og matssprungar.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðvegur.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á jarðveg?	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag og skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi. <i>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030</i> <ul style="list-style-type: none"> Skynsamleg og hagkvæm nýting lands og landsgæða, að tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir spjöll og ofnýtingu. <i>Jarðlög nr. 81/2004.</i>
Gróður og dýr	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?	<i>Náttúruverndarlög nr. 60/2013.</i> <ul style="list-style-type: none"> Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Gróður og búsvæði dýra.	Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?	Vistgerðakortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands,
Loftslagsmál Losun gróðurhúsa-lofttegunda.	Hefur stefnan áhrif á bindingu kolefnis?	<p>Landsskiplagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <p>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skuldbinding í loftslagsmálum. Orkuskipti í vegsamgöngum. <p>Pingsályktun um orkuskipti.</p> <ul style="list-style-type: none"> Draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka þátt ferðaþjónustu í orkuskiptum. <p>Framtíðarsýn íslenskra ferðaþjónustu til 2030</p> <ul style="list-style-type: none"> Minnka kolefnisspor og forystuhlutverk í orkuskipum og nýtingu vistvænna orkugjafa.
Samfélag Atvinnulíf. Ferðaþjónusta. Útvistarmöguleikar. Öryggi.	Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf svæðisins? Hefur stefnan áhrif á útvistarmöguleika íbúa? Hefur stefnan áhrif á öryggi íbúa og ferðamanna?	<p>Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030.</p> <ul style="list-style-type: none"> Efla byggð og landnotkun með áherslu á heilbrigði og öryggi og efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir að leiðarljósi. Ferðaþjónusta í sveitum Hornafjarðar verði efla. <p>Landsskiplagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <p>Stefna stjórnavalda í almannavarna og öryggismálum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Undirbúa, skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem takmarka tjón og skaða af völdum náttúruhamfara.
Minjar Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Fornminjar.	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á náttúru- og menningaminjar?	<p>Landsskiplagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <p>Lög um menningaminjar nr. 80/2012.</p> <p>Náttúruminjaskrá.</p>

5.2 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við stefnu í breyttu aðalskipulagi.

5.3 Mat á umhverfisáhrifum

BREYTT SKIPULAG:

Áhrif á land og landsslag eru neikvæð/óveruleg. Ásýnd svæðis kemur til með að breytast við uppbyggingu mannvirkja. Svæðið er flokkað sem landbúnaðarland en nýtist ekki til ræktunar þar sem það er fyrst og fremst aurar. Skilmálar verða settir í deiliskipulagi um að mannvirki falli vel að landi og viðhaldi náttúrulegu yfirbragði svæðisins.

Áhrif á gróður og dýr er óveruleg. Svæðið er lítt gróið og ekki innan skilgreindra náttúrverndarsvæða s.s. vegna fuglalífs.

Áhrif á loftslagsmál eru óviss. Umferð kemur til með að aukast um svæðið sem veldur auknum útblæstri á gróðurhúsalofttegundum. Áhrif af aukinni umferð fer eftir framgangi orkuskipta í vegsamgögnum.

Áhrif á samfélag er jákvæð. Breytingin styður við stefnu sveitarfélagsins um að auka umsvif ferðamennsku, fjölda atvinnutækifærum og vinnur vel með uppbyggingu á annarskonar þjónustu við ferðamenn. Verið er að auka fjölbreytileika í ferðabjónustu og bjóða upp á ýmsa útvistamöguleika fyrir bæði innlenda og erlenda ferðamenn og skapa tækifæri til að lengja viðverðu tíma þeirra innan svæðisins, sveitarfélagini til hagsbóta. Svæðið er undir náttúrvá og hefur ofanflóðamat á svæðinu verið unnið. Farið verður eftir rýmingaráætlun almannavarna og viðeigandi ráðstafanir verða gerðar ef bæta þarf ofanflóða- og flóðavarnir á svæðinu.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óviss/óveruleg. Engar skráðar minjar eru innan skipulagssvæðis. Afmörkun svæðis send á Minjastofnun og óskað eftir álti vegna nánari úttektar.

GILDANDI SKIPULAG:

Áhrif á land og landslag, gróður og dýralíf, loftslagsmál eru metin óveruleg. Engin uppbygging á sér stað á svæðinu og helst það eins og það er í dag.

Áhrif á samfélag eru metin neikvæð/óviss. Engin uppbygging á sér stað sem leiðir af fjölgun atvinnutækifæra og aukningu á þjónustu við ferðamenn. Engin áhrif eru á öryggi fólks.

Áhrif á minjar eru metin óviss/óveruleg. Engar þekktar minjar eru til staðar.

5.4 Niðurstaða umhverfismats

Breyting á aðalskipulagi fellur vel að markmiðum sem sett eru fram í Landsskipulagsstefnu og stefnu í ferðabjónustu. Allt um kring er stórbrotin náttúra sem er einstök á heimsvisu. Tækifæri í ferðabjónustu fara sífellt vaxandi og aukast kröfur um gæði og fjölbreytni. Í deiliskipulagi fyrir svæðið verða settir skilmálar um yfirbragð bygginga til að ganga úr skugga um að þær falli vel að landslagi og viðhaldi yfirbragði dreifbýlis, en uppbygging mun óhjákvæmilega hafa áhrif á ásýnd svæðisins sem er nú óbyggt. Huga þarf að fráveitumálum í deiliskipulagi. Fráveita getur haft neikvæð áhrif á grunnvatn ef ekki er rétt staðið að frágangi/hönnun fráveitu. Mikilvægt er að sorpílát og sorphirða sé í lagi til þess að það skapist ekki mengun af úrgangi og að ferðamenn séu upplýstir um flokkun sorps og reglur sveitarfélagsins hverju sinni. Minjavörður verður fengin til að meta hvort þurfi nánari úttekt á fornminjum á svæðinu. Samráð verður haft við Veðurstofu Íslands varðandi hættumat fyrir svæðið og ef þess þarf verður gerðar úrbætur á flóðavörnum á svæðinu. Farið verður eftir viðeigandi viðbragðsáætlunum vegna náttúrvá, flóttaleiðir frá svæðinu eru nokkuð greiðar og vel er fylgst með mögulegu eldgosi undir jökli og hlaupi í kjölfari þessi. Uppbygging á þjónustu við ferðamenn leiðir af sér aukin fjölda að ferðamönnum sem dvelja í sveitarfélagini og er atvinnuskapandi. Sveitarfélagið metur að yfir heildina litið sé stefna skipulagsins jákvæð og er sveitarfélagið hlynnt breytingunni.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í október 2023. Umsagnir og ábendingar bárust frá Vegagerðinni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Skipulagsstofnun, Veðurstofu Íslands, Minjastofnun Íslands, Rarik, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Rarik og Steinþóri Arnarsyni.

Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til ábendinga sem þar bárust.


6.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Óskað var eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Umhverfisstofnun vill eingöngu fá skipulag til umsagnar, þar sem verið er að skipuleggja á skilgreindum verndarsvæðum. Eftir atvikum verður óskað eftir umsögnum annarra aðila.

6.2 Skipulagsferli



6.3 Breytingar á vinnslutíma


Skv. ábendingu skipulagstofnunar fyrir auglýsingu var hnykkt á því að ekki verði gisting á svæðinu og að á svæðinu sé nú þegar áætlun um rýmingu komi til hlaupa/flóða af völdum eldgosa.

6.4 Breyting eftir auglýsingu

Samkvæmt ábendingu frá Skipulagsstofnun var bætt við skipulagsákvæði um að ekki sé heimiluð gisting á svæðinu.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030


Breyting aðalskipulags - Hvalvörðugilslækur



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skyringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Vatnsból
- Verslun- og þjónusta
- - - Göngu- og hjóleiðaleið
- L Ljósleiðari
- Stofnvegur/stofnbraut
- ASK_Skipulag
- Náttúruvá
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Jökull
- Landbúnaðarsvæði
- Verslun- og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Óbyggð svæði



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



Breyting - aðalskipulags
Hvalvörðugilslækur

Verk: 103850 Blaðstærð: A4
Unnið: GAL Rýnt: BRE/ÁJ

Mælikvarði: 1:100.000 Dags: 01.03.2024
Breytt dags: